

Ed. 369. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Á eftir aa-lið 3. gr. kemur nýr liður, svo hljóðandi:

bb. Að fella niður aðflutningsgjöld af fræðslukvikmyndum og fræðandi skuggamyndum, sem fræðslumálastjórnin flytur inn og fær frá viðurkenndum erlendum vísinda- og menntastofnunum.

2. gr.

Lög þessi, öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 2. þingi Norðurlandaráðsins í ágúst 1954 var því beint til hlutaðeigandi ríkisstjórna að koma á hjá sér tollfrjálsum innflutningi þeirra menningartækja, sem talin eru í 1. gr. frv. Til þess að svo megi verða hér á landi, þarf að breyta núgildandi tollskrárlögum. Fer ríkisstjórnin með frv. þessu fram á heimild til að fella niður aðflutningsgjöld af vörum þessum.